



Reykjalundur – þjónusta á einum stað

Eftir Hans Jakob Beck, Pétur Magnússon og Stefán Yngvason

Það hefur komið á óvart hve langvarandi eftirköst Covid eru algeng og erfið. Rannsóknir bentu í upphafi til þess að 10% þeirra sem sýkjast ættu í erfiðleikum sex mánuðum síðar, en virðist vanmat og nær því vera 25%, eins og fram kom í viðtali við Hilmu Hólm lækni í Vísi 27. janúar. Rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar sýnir nefnilega að fjórðungur þeirra sem sýktust í fyrstu bylgju faraldursins á Íslandi lýsir nokkrum eða miklum einkennum hálfu ári eftir sýkingu og tólf prósent þeirra búa við lélega eða mjög lélega heilsu. Hér er því um meiri háttar heilsufarsvandamál að ræða sem var áður óþekkt og leggst með þunga á heilbrigðisþjónustu sem fyrir er sligið af verkefnum. Þar að auki er erfitt að sinna þessum vandamálum í núverandi kerfi. Hvergi er sérþekking á einum stað og sjúklingum þarf að vísa í allar áttir í heilbrigðiskerfinu; til ýmissa sérgreinalækna, sjúkrahjálfara, sálfræðinga. Það sama er upp á teningnum í félagslega kerfinu þegar leita þarf til Vinnumálastofnunar, Tryggingastofnunar Ríkisins, Virk starfsendurhæfingar eða félagsþjónustu sveitarfélaganna. Sundrað og flókið kerfi léttir veiku fólki ekki lífið, en við þessu má þó bregðast á fremur einfaldan hátt.

Á Reykjalundi er mikil þekking



Hans Jakob Beck



Pétur Magnússon



Stefán Yngvason

og löng reynsla í þverfaglegri endurhæfingu. Þar starfa sérfræðingar á flestum þeim sviðum læknisfræði og annarra heilbrigðisvísinda og þar er rannsóknaraðstaðan sem þörf er á til að meta sjúklinga með langvinn einkenni Covid. Með því að jafnframt yrði komið á fót samvinnuteymi heilbrigðis- og félagslegu kerfanna mætti veita heildstæða þjónustu fyrir alla með langvinnan vanda eftir Covid á einum stað, hvar á landinu sem þeir búa. Hér verður nánar sagt frá slíkri hugmynd.

Að nýta fjármagn og sérfræðiþjónustu með sem bestum hætti er samfélaginu til heilla. Reykjalundur hefur sett fram þá hugmynd að stofnuninni verði falið að starfrækja tímabundið miðstöð ráðgjafar og stuðnings vegna langvinnra afleiðinga Covid hér á landi. Markmiðið er að styðja bata og lágmarka tap á

virgni og vinnuþátttöku vegna Covid-19 með ráðleggingum um meðferð og endurhæfingu, forvörnum og heildstæðum stuðningi við starfsendurhæfingu. Byggt á þeirri grundvallaraðferð endurhæfingar að styðja hvern mann til sjálfshjálpar. Þrjú þættir starfseminnar eru í stuttu máli:

1. Mat og ráðgjöf. Eftir tilvísun frá heilsugæslu eða starfsendurhæfingarsjóði verður boðið þverfaglegt mat í þeim tilgangi að meta stöðu og horfur einstaklinga og veita ráðgjöf með áætlun um endurhæfingu og eftir atvikum frekari meðferð eða rannsóknir.

2. Upplýsingamiðstöð. Unnið verði fræðsluþætti og rekinn upplýsingavefur með ráðleggingum til einstaklinga sem fengið hafa Covid og veitt ráðgjöf til einstaklinga.

3. Teymi starfsendurhæfingar. Sett verður á fót þverfaglegt teymi

» Reykjalundur hefur sett fram þá hugmynd að stofnuninni verði falið að starfrækja miðstöð ráðgjafar og stuðnings vegna langvinnra afleiðinga Covid.

skipað fulltrúum þeirra aðila sem fjalla um heilsugæslu, félagslega aðstoð, endurhæfingu og greiðslur til fólks vegna afleiðinga Covid, með því markmiði að stuðla sameiginlega að endurkomu til vinnu.

Með slíkri miðstöð ráðgjafar og stuðnings verður leið fólks að þekkingu, þjónustu og stuðningi einföld og greið. Kom má í veg fyrir óþarfar tilvísanir og rannsóknir og í því felst sparnaður fyrir samfélagið og léttir fyrir fólk sem glímur við erfiðan heilsuvanda. En ekki síst verða horfurnar á endurkomu til fyrri virkni og samfélagsþátttöku betri.

Yfirsýn og umsjón á einum stað

Fyrirmyndir að þessari starfsemi má finna í Bretlandi, en rúmlega 40 slíkar ráðgjafastöðvar voru settar á laggirnar þar í lok síðasta árs. Þar var talið mikilvægt að byggja upp þekkingu og reynslu á völdum stöðum fremur en að dreifa þjónustunni og létta um leið álagi af annarri heil-

brigðisþjónustu. Á Reykjalund hafa nú þegar um 70 manns komið til endurhæfingar eða endurhæfingarmats vegna langvinnns Covid og hugmyndin um miðstöð ráðgjafar og stuðnings er meðal annars byggð á reynslunni af vanda þessa fólks. Á Reykjalundi er þegar orðin til viss sérþekking á þessu sviði, en eins og bent er á í heilbrigðisáætlun til ársins 2030 er betra að byggja upp þekkingu á einum stað en dreifa kröftunum.

Einstaklingunum fjölgar – mikilvægt að bregðast við

Miðstöð ráðgjafar og stuðnings vegna langvinnra afleiðinga Covid hér á landi yrði sjálfstætt verkefni utan við hefðbundna endurhæfingarstarfsemi Reykjalundar og tækifæri til samvinnu heilbrigðiskerfis og félagsmálakerfis um mikilvægt, en tímabundið, verkefni. Það fjölgar nánast daglega í hópi þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda og það þarf að bregðast skjótt við. Við á Reykjalundi viljum leggja okkar af mörkum og teljum okkur geta orðið fólki með langvinnan vanda vegna Covid enn frekar að líði. Því er þessi hugmynd kynnt hér en hún hefur verið kynnt stjórnvöldum fyrir nokkru.

Hans Jakob er lungnalæknir á Reykjalundi.
Pétur er forstjóri Reykjalundar.
Stefán er framkvæmdastjóri lækninga á Reykjalund.